


Morgunblaðið/KGA

Málverkið „Non-Dispersion-Three Languages" eftir Kazumi Nakamura sem listamaðurinn gaf Listasafni Reykjavíkur við opnun sýningar á japanskri nútímalist að Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir:

Japanskur listamaður gefur Listasafni Reykjavíkur málverk

LISTASAFN Reykjavíkur hlaut að gjöf verk eftir japanska listamanninn Kazumi Nakamura þegar sýning á japanskri nútímalist var opnuð að Kjarvalsstöðum sl. laugardag. Nakamura var viðstaddur opnina ásamt þremur öðrum japönskum listamönnum er eiga verk á sýningunni en alls eru verk eftir 12 japanska listamenn á þessari sýningu.

Tilkynnt var við opnun sýningar á japanskri nútímalist að Kjarvalsstöðum að Kazumi Nakamura gæfi Listasafni Reykjavíkur málverk sitt „Non-Dispersion-Three Languages" sem er á sýningunni. Þetta verk Nakamura er olíumálverk sem er 1,90 m á hæð og tæplega 4,69 m á lengd. Málverkið er frá árinu 1990.

Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, sagði að mjög mikill fengur væri fyrir Listasafn Reykjavíkur að fá þessa gjöf. Að sögn Gunnars gefa málverk Nakamura og fleiri gjafir frá erlendum listamönnum, t.d. Yoko Ono, Reykjavíkurborg tækifæri til þess að koma upp vísi að litlu safni í erlendri nútímalist innan Listasafns Reykjavíkur. Gunnar sagði að fjölmenni hefði verið við opnun sýningarinnar en hún er nokkurs konar endurgjald Japana vegna Scandinavian Today sýningarinnar sem var haldin í Japan árið 1987.

